



Borgarráð

Reykjavík, 10. apríl 2025
MSS25040071

Samkomulag vegna reksturs alþjóðadeildar við Landakotsskóla

Lagt er til að borgarráð samþykki að tekið verði upp sérstakt framlag til alþjóðadeildar Landakotsskóla vegna þess sérstaka tilkostnaðar sem fylgir því að koma á fót og í rekstur alþjóðadeild með alþjóðlega vottun frá New England Association of Schools and Colleges (Cambridge International School). Framlagið verður greitt fyrir árin 2024, 2025 og 2026 kr. 20.000.000 á ári eða samtals kr. 60.000.000 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem eru eftirfarandi: Fyrir liggi aðgerðaáætlun Landakotsskóla með sundurliðun næstu ára á rekstrartekjum, rekstrargjöldum og fjármagnslið og sjóðstreymi fyrir deildir skólans sem hefur verið samþykkt af skóla- og frístundasviði. Aðgerðaáætlun verði tímasett niður á mánuði og hver og ein aðgerð, s.s launasparnaður, verði kostnaðarmetin fyrir sig. Aðgerðaáætlunin verði tilbúin fyrir 15. maí 2025. Bókhald verði gert aðgreinanlegt fyrir deildir skólans fyrir 15. maí 2025. SFS verði gerð grein fyrir framgangi aðgerðaáætlunar mánaðarlega 2025 og 2026.

Miðað er við að framlag vegna 2024 og 2025 komi til útborgunar 15. maí 2025 og framlag vegna 2026 hinn 15. maí 2026.

Fjárhagsleg áhrif tillögunnar fela í sér einskiptiskostnaðarauka upp á 40 m.kr. á þessu ári og 20 m.kr. á árinu 2026 eða samtals 60 m.kr. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að leggja fram viðauka vegna þessa.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aukafund borgarráðs þann 2. maí 2025.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg og Landakotsskóli hafa verið í samstarfi um alþjóðadeild við skólann síðan 2017. Rekstur alþjóðadeildar er í samræmi við tillögu í skýrslu starfshóps um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum, dags. október 2022, þar sem lagt var til að framboð á alþjóðlegu skólastarfi verði aukið fyrir börn í fjölskyldum erlendra íbúa eða börn Íslendinga sem vinna að staðaldri erlendis en hafa tímabundna búsetu í Reykjavík til að mæta vaxandi eftirspurn og gera borgina samkeppnishæfari að þessu leyti.

Fram kemur í gögnum Landakotsskóla að fjárhagserfiðleika skólans megi að miklu leyti rekja til stofnunar og reksturs alþjóðadeildar við skólann. Samkvæmt upplýsingum skólans hefur verið fjárfest í húsnæði og vottun fyrir um 95 m.kr. og það er mat skólans að rekstrarkostnaður alþjóðadeildar umfram grunnskóladeild nemi tæpum 50 m.kr. Þennan umframkostnað má rekja til m.a. vottunar, námsgagna, Cambridge gagna, flutningar erlendra starfsmanna til landsins, lögfræðikostnaður o.fl.

Hjálögð er rekstraráætlun Landakotsskóla að teknu tilliti til hækkunar á framlagi borgarinnar úr 75%/70% af meðalrekstrarkostnaði á hvern grunnskólanema í 80% og sérframlagi til alþjóðadeildar, hækkunar skólagjalda, lækkunar launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar.



Reykjavík



Íslandsdeild	Íslandsdeild			Alþjóðadeild			Landakotsskóli		
	2024	2025	2026	2024	2025	2026	2024	2025	2026
Skólagjöld - ISL	96	114	133	122	146	170	218	259	303
2 Opinber framlög	471	504	524	284	346	360	755	850	884
3 Aðrar tekjur	4	4	4	0	0	0	4	4	4
1 Tekjur alls	570	621	661	407	492	530	977	1.113	1.191
2 Rekstrargjöld									
4 Laun & tengd gjöld	-522	-547	-567	-359	-376	-390	-881	-922	-957
5 Húsnæðiskostnaður	-20	-23	-24	-59	-37	-39	-79	-60	-63
7 Annar kostnaður	-54	-53	-55	-34	-38	-40	-88	-91	-95
8 Áhöld & tæki	-5	-5	-5	-3	-4	-4	-8	-9	-9
9 Alþjóðadeild				-7	-8	-8	-7	-8	-8
2 Rekstrargjöld alls	-601	-627	-651	-463	-462	-480	-1.064	-1.090	-1.131
Rekstrarafkoma	-31	-6	10	-56	29	50	-87	24	60
% af heild	35%	-25%	16%	65%	125%	84%			
Nettó fjármagnslíðir							-10,1	-7,5	2
Nettó afkoma							-97	16	62

Ef ofangreind skilyrði eru uppfyllt og samþykkt af skóla- og frístundasviði fyrir 15. maí 2025 kemur sérstakt framlag 2024 og 2025 til greiðslu alls 40 m.kr.

Kostnaður Reykjavíkurborgar árið 2025 nemur um 60 m.kr. árið 2025 vegna hækkunar á viðmiði á kostnaði pr. nemanda úr 75%/70% í 80% og þar við bætast sérstök framlög 20 m.kr. vegna 2024 og 20 m.kr. 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag vegna reksturs alþjóðadeildar við Landakotsskóla, ódags.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu um sérstakan samning vegna alþjóðadeildar Landakotsskóla

Samantekt á áætlun Landakotsskóla, uppfærsla dags. 8. apríl 2025

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík og Landakotsskóli ses, kt. 660505-1210, gera með sér svohljóðandi:

Samkomulag vegna reksturs alþjóðadeildar við Landakotsskóla

1. gr.

Markmið með samkomulaginu og lýsing verkefnis

Meginmarkmið með samkomulagi þessu er að styðja við uppbyggingu og rekstur alþjóðadeildar við Landakotsskóla í Reykjavík til að í boði sé vottað alþjóðlegt nám í Reykjavík, *Cambridge International School*, sem er hægt að fá metið í öðrum löndum.

2. gr.

Skyldur Landakotsskóla

Styrkur þessi er veittur með eftirfarandi skilyrðum:

- Landakotsskóli aflar sér alþjóðlegrar vottunar á samningstímanum frá *New England Associaton of Schools and Colleges*.
- Landakotsskóli geri nákvæma aðgerðaáætlun um rekstur, sjóðstreymi og skuldastöðu mánuð fyrir mánuð allt árið 2025 og 2026 sem tryggir rekstrar- og greiðsluhæfi skólans á samningstímanum. Skólinn skuldbindi sig til að gera Reykjavíkurborg mánaðarlega grein fyrir framgangi þessarar aðgerðaáætlunar.
- Landakotsskóli verði kominn með skuldbindandi lausnir varðandi eigin áform og samninga við aðra aðila um fjármögnun í samræmi við aðgerðaáætlun fyrir 15. maí 2025.
- Að skólinn samþykki þær breytingar á þjónustusamningi aðila dags. 19. september 2019, með síðari viðaukum, sem lagðar eru til í tillögu að nýjum viðauka við þjónustusamning skólans og Reykjavíkurborgar vegna grunnskólans.

Landakotsskóli skuldbindur sig til að hefja framkvæmd hins styrkveitta verkefnis í samræmi við skilyrði styrkveitingar og framlagða umsókn og samþykkt um úthlutun styrksins innan þriggja mánaða frá undirritun samkomulagsins. Eigi síðar en 12 mánuðum síðar skal verkefnið vera að fullu komið til framkvæmdar.

Landakotsskóli skal skila skóla- og frístundasviði greinargerð um ráðstöfun styrksins fyrir lok ráðstöfunarárs í samræmi við 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinna þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki.

Greinargerðinni skal skila á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik.is/styrkir>. Landakotsskóli skal skila inn framvinduskýrslu áður en seinni greiðsla styrks fer fram sbr. 2. gr. Skili Landakotsskóli ekki inn greinargerð fellur samkomulagið úr gildi og skóla- og frístundasviði er heimilt að krefja Landakotsskóla um endurgreiðslu þess sem þegar verið greitt.

3. gr.

Skyldur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

3.1 Framlag skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar samkvæmt samkomulagi þessu er fjárframlag að fjárhæð kr. 20.000.000 á ári vegna áranna 2024, 2025 og 2026 eða samtals kr. 60.000.000.-

Þann 15. maí 2025 verða framlög vegna 2024 og 2025, alls 40.000.000, innt af hendi að uppfylltum ofangreindum samningsskilyrðum í 2. gr. samkomulags þessa og þann 15. maí 2026 er framlag vegna 2026 innt af hendi enda hafi framgangur aðgerðaáætlunar gengið eftir við báðar ofangreindar dagsetningar.

3.2 Landkotsskóli ábyrgist að framlaginu verði einungis varið til verkefnis samkomulags þessa.

3. gr.

Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir styrkveitanda er hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og er tengiliður [nafn tengiliðar]. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd Landkotsskóla er [nafn tengiliðar].

4. gr.

Kynningarmál

Landkotsskóli skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að verkefnið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar hvenær sem þess er óskað án sérstakrar þóknunar.

5. gr.

Vanefndir

5.1 Telji Landkotsskóli sig ekki geta uppfyllt ákvæði samkomulags þessa skal skóla- og frístundasviði tilkynnt það tafarlaust skriflega. Sama gildir ef Landkotsskóli telur sig ekki geta framkvæmt verkefnið í samræmi við 2. gr. samkomulagsins. Landkotsskóli skal þá endurskoða verkefnaáætlunina svo markmiðum samkomulagsins verði náð. Takist endurskoðun ekki er skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar heimilt að rifta samkomulagi þessu og krefjast endurgreiðslu styrksins að öllu leyti.

5.2 Áður en til riftunar kemur skal skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar skora á Landkotsskóla að efna samkomulagið innan 30 daga frá því að honum berst sannarlega tilkynning samkvæmt ofangreindu ákvæði.

5.3 Ef framlag skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samkomulagi þessu eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að rifta samkomulaginu og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og hún var við undirritun samkomulagsins.

5.3 Rísi mál vegna efnda samkomulagsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr.

Framsal

6.1 Landkotsskóla er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samkomulagi þessu til þriðja aðila án samþykkis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

7. gr.

7.1 Samkomulagið gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2026. Samkomulagið fellur þá úr gildi án uppsagnar.

8. gr.

Undirritun

8.1 Samkomulagið er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

Fylgiskjal 1

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. Markmið.

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. Ábyrgð.

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekkinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Efni: Tillaga um sérstakan samning vegna alþjóðadeildar Landakotsskóla

Reykjavík, 9. apríl 2025

MSS25030082

UMSÖGN

Fyrir liggur svohljóðandi tillaga borgarstjóra vegna samnings um alþjóðadeild Landakotsskóla:

Lagt er til að tekið verði upp sérstakt framlag til alþjóðadeildar Landakotsskóla vegna þess sérstaka tilkostnaðar sem fylgir því að koma á fót og í rekstur alþjóðadeild með alþjóðlega vottun frá New England Association of Schools and Colleges (Cambridge International School). Framlagið verður greitt fyrir árin 2024, 2025 og 2026 kr. 20.000.000 á ári eða samtals 60.000.000 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem eru eftirfarandi: Fyrir liggi aðgerðaáætlun Landakotsskóla með sundurliðun næstu ára á rekstrartekjum, rekstrargjöldum og fjármagnslið og sjóðstreymi fyrir deildir skólans sem hefur verið samþykkt af skóla- og frístundasviði. Aðgerðaáætlun verði tímasett niður á mánuði og hver og ein aðgerð, s.s launasparnaður, verði kostnaðarmetin fyrir sig. Aðgerðaáætlunin verði tilbúin fyrir 15. maí 2025. Bókhald verði gert aðgreinanlegt fyrir deildir skólans fyrir 15. maí 2025. SFS verði gerð grein fyrir framgangi aðgerðaáætlunar mánaðarlega 2025 og 2026.

Miðað er við að framlag vegna 2024 og 2025 komi til útborgunar 15. maí 2025 og framlag vegna 2026 hinn 15. maí 2026.

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur ásamt skóla- og frístundasviði greint stöðu Landakotsskóla og rekstrarvanda hans. Niðurstaða þessarar greiningar sýnir að rekja megi vanda Landakotsskóla til vaxtaverkja vegna stækkunar alþjóðadeildar síðustu ár en heildarfjöldi nemenda hefur vaxið um 20% frá 2020 – 2024 og eru nemendur nú um 380 talsins þar af er alþjóðadeild um 40%.

Framlag Reykjavíkurborgar til rekstrar skólans er í samræmi við hagstofuviðmið sem gerir ráð fyrir 75% framlagi með allt að 200 nemendum og 70% framlagi á nemendum umfram það. Skólinn hefur kennt eftir tveimur ólíkum námsskrám og telur sig ekki geta nema að litlu leyti nýtt stærðarhagkvæmni skóla yfir viðmiði. Með stækkun skólans og alþjóðadeildar hefur því stærri hluti nemenda fengið 70% framlag af hagstofuviðmiði í stað 75%.



Reykjavík



Greining hefur leitt í ljós að ákveðinn viðbótarkostnaður fylgir því að halda úti alþjóðlegu námi og má þar nefna kostnað við að fara í alþjóðlegt vottunarferli á námi í alþjóðadeild, viðbótarkostnaði vegna starfsmanna sem koma erlendis frá og þurfa tilskilin leyfi og stuðning við fyrstu skref í nýju landi. Auk þess sem einnig hefur fallið til kostnaður vegna barna sem hvorki tala íslensku né ensku og njóta ekki annars stuðnings í tungumálakennslu.

Fyrir liggur tillaga borgarstjóra og gögn frá Landakotsskóla varðandi rekstrarvanda og tillögur að breytingum. Samhliða liggur fyrir tillaga til borgarráðs um viðauka við samning Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi grunnskóla um hækkun á rekstrarframlagi upp í 80% af hagstofuviðmiði fyrir alla nemendur í sjálfstætt starfandi skólum.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt gögn skólans og aðgerðaáætlun hans til að bæta rekstur. Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að nýtt rekstrarmódel með forsendum um hækkun framlags í 80% af hagstofuviðmiði, viðbótarframlagi til alþjóðadeildar í 3 ár og aðgerða í rekstri geti komið rekstri skólans í jafnvægi, nái það fram að ganga.

Fjármála- og áhættustýringarsvið tekur undir mikilvægi þess að aðgerðaáætlun Landakotsskóla sé fylgt vel eftir og að eftirlit skóla- og frístundasviðs með skólanum sé mánaðarlegt eins og kemur fram í tillögunni og drögum að nýju samkomulagi um reksturs alþjóðadeildar.

Fjárhagsleg áhrif tillögunnar fela í sér einskiptiskostnaðarauka upp á 40 m.kr. á þessu ári og 20 m.kr. á árinu 2026 eða samtals 60 m.kr. Kostnaðaraukinn rúmast ekki innan ramma skóla- og frístundasviðs nema gerðar verði tilfærslur sem takast á við viðbótarútgjöld.

Virðingarfyllt,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík

Landakotsskóli

- Uppfærsla, 8. apríl 2025 -

3.04.25



Áætlun Landakotsskóla grundvallast á 4 meginstoðum:

1. **Launakostnaður:** Lækkun launakostnaðar um 10 M.kr. á mánuði frá og með ágúst 2025 til viðbótar við sparnað vegna 5 stöðugilda sem raungerðist á árinu 2024
2. **Rekstrarkostnaður:** Aðhaldi í rekstri samhliða mun lægri viðhaldskostnaði vegna fasteigna með tilheyrandi sparnaði upp á amk 37 M.kr. á árinu 2025 samanbórið við 2024
 1. *Aukið aðhald vegna sorphirðu, tölvuþjónustu og aðkeyptrar þjónustu ásamt VSK endurgreiðslu mun skila auknu svigrúmi*
3. **Skólagjöld:** Hækkun skólagjalda með svigrúm fyrir aukna afslætti og aukinn stuðning þegar 80% framlag staðfestist í samningum við Reykjavíkurborg ásamt sérframlagi til 3 ára vegna Alþjóðadeildar
4. **Opinber framlög:** 80% framlag frá Reykjavík og sérframlag til stuðnings Alþjóðadeildar



I. Launakostnaður | Fækkun um 5 stöðugildi árið 2024 hefur nú þegar verið fylgt eftir með fækkun um 6,8 stöðugildi í mars 2025 með tilheyrandi áhrifum frá og með ágúst 2025

- Aðrar breytingar, s.s fækkun klúbba og valgreina ásamt minni samkennslu og fækkun “tvöfaldra kennslustunda” skilar sparnaði sem jafngildir um 6 stöðugildum og samtals um 12,7 stöðugildum frá og með Ágúst 2025

	Stöðugildi *	Einstaklingar (Ekki stöðugildi)
Starfsmenn sem hætta 1. ágúst	6,1	9
Breytingar á störfum frá 1. ágúst	0,7	3
Samtals beinar starfsbreytingar:	6,8	12
Annað sem skorið er niður:		
Klúbbar	0,85	
Valgreinar	0,88	
Samkennsla	0,54	
Tvöföld kennsla	2,17	
Fækkun kennslustunda	0,50	
Forfallakennsla	1,0	
Samtals	12,7	

* Fækkað um 5 stöðugildi á árinu 2024



2. Rekstrarkostnaður | Fjárfestingarverkefnum í húsnæði lauk á árinu 2024 sem skapar verulegt svigrúm til sparnaðar á rekstrarkostnaði á árinu 2025 og til framtíðar eða um amk 34,7M árlega

- Svigrúm til aukins sparnaðar upp á um 3-6 M.kr., m.a. með endurskoðun á sorphirðu, tölvuþjónustu og heimilda til endugreiðslu á Vsk.

	2024	Delta	2025	2026
Skólahald	66,0		66,0	68,0
Annan OPEX	121,0	-21,9	99,1	102,1
Samtals OPEX utan launa	187,0		165,1	170,1
			34,7	
Par af:				
Viðhald	37		8,3	5
Leiga *	43		49,8	49,8



3. Skólagjöld * | Áætlun grundvallast á samþykktri hækkun skólagjalda og óbreyttum nemendafjölda með svigrúm fyrir fækkun nemenda og auknum stuðning fyrir tekjuminni hópa með stuðningi Reykjavíkurborgar

- Rekstraráætlun fyrir Alþjóðadeild gera ráð fyrir tímabundnum styrkjum vegna fjárfestinga í stækkun húsnæðis á árunum 2021 til 2024

Íslandsdeild				Alþjóðadeild			Landakotsskóli		
	2024	2025	2026	2024	2025	2026	2024	2025	2026
Skólagjöld - ISL	96	114	133	122	146	170	218	259	303
2 Opinber framlög	471	504	524	284	346	360	755	850	884
3 Aðrar tekjur	4	4	4	0	0	0	4	4	4
1 Tekjur alls	570	621	661	407	492	530	977	1.113	1.191
2 Rekstrargjöld									
4 Laun & tengd gjöld	-522	-547	-567	-359	-376	-390	-881	-922	-957
5 Húsnæðiskostnaður	-20	-23	-24	-59	-37	-39	-79	-60	-63
7 Annar kostnaður	-54	-53	-55	-34	-38	-40	-88	-91	-95
8 Áhöld & tæki	-5	-5	-5	-3	-4	-4	-8	-9	-9
9 Alþjóðadeild				-7	-8	-8	-7	-8	-8
2 Rekstrargjöld alls	-601	-627	-651	-463	-462	-480	-1.064	-1.090	-1.131
Rekstrarafkoma	-31	-6	10	-56	29	50	-87	24	60
% af heild	35%	-25%	16%	65%	125%	84%			
Nettó fjármagnsliðir							-10,1	-7,5	2
Nettó afkoma							-97	16	62

* Stjórnin hefur samþykkt að hækka þurfi skólagjöld **að gefnu hámarki**. Vonir standa til að ekki þurfi að hækka gjöldin svo mikið. Í töflunni er gengið út frá óbreyttum nemendafjölda, en í kjölfar hækkana má gera ráð fyrir einhverri fækkun nemenda í alþjóðadeild, sem eru ekki börn erlendra starfsmanna sendiráða eða stórfyrirtækja. Með auknum stuðningi frá Reykjavíkurborg vegna Alþjóðadeildar skapast jafnframt aukið svigrúm til minni hækkunar skólagjalda en hér er ráðgert.

3. Skólagjöld | Áætlun sýnir svigrúm til minni hækkana skólagjalda en þegar hefur verið samþykkt fari svo að 80% framlag verði nýtt viðmið í samningum við Reykjavík samhliða framlagi vegna Alþjóðadeildar

Hámarkstekjur án systkynaafslátta eða tekjuafslátta eða lægri skólagjöldum

	2024	Δ	2025	Δ	2026
Íslandsdeild	73,5	11,2	84,7	13,1	97,8
Alþjóðadeild	64,2	32,3	96,5	34,9	131,4
Samtals hámark	137,7		181,2		229,2
Tekjuáætlun	109,4		133,9		166,3
Mismunur eða svigrúm	28,3		47,3		62,9
Svigrúm sem % af hámarki	21%		26%		27%

Íslandsdeild sem % af hámarki	86%		81%		83%
-------------------------------	-----	--	-----	--	-----

Reiknað hækkun grunngjalda per nemenda á ári

	2024	Δ	2025	Δ	2026
Íslandsdeild	291.670	24.382	316.052	56.880	372.932
Alþjóðadeild	288.149	120.548	408.697	126.016	534.713
Reiknuð grunnhækkun á ári		8%		18%	
Reiknuð grunnhækkun á ári		42%		31%	

